



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU:

Viðmiðunarstundaskrá grunnskóla – tillaga að breytingu

Nr. 160/2020 í samráðsgátt stjórnvalda

Apríl 2021

Efnisyfirlit

1. Fyrirkomulag.....	3
2. Málefni.....	3
3. Þátttaka.....	4
4. Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim.....	5
4.1 Yfirlit yfir umsagnir.....	5
4.2 Helstu efnisatriði í umsögnum.....	6
5. Næstu skref.....	6
6. Til upplýsinga.....	7

1. Fyrirkomulag

Viðmiðunarstundaskrá grunnskóla – tillaga að breytingu var birt í samráðsgátt stjórnvalda og fyrirkomulag málsins svo sem hér segir:

Slóð á mál nr. 160/2020:	https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\$Cases/Details/?id=2749#advices
Umsagnarfrestur:	26.08.2020 – 15.10.2020.
Birting umsagna:	Umsagnir birtar jafnóðum.

Í almennri kynningu málsins kemur fram að niðurstöður samráðsins verði birtar þegar unnið hafi verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem berast.

2. Málefni

Tilfni breytinganna er mótun menntastefnu til ársins 2030 á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis þar sem áhersla er á að veita framúrskarandi menntun með áherslu á þekkingu, vellíðan, þrautseigju og árangur í umhverfi þar sem allir skipta máli og geta lært. Mennta- og menningarmálaráðuneytið beitir sér jafnframt fyrir aukinni áherslu á íslensku á öðrum námssviðum og í samfélaginu almennt í samræmi við þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi sem samþykkt var á Alþingi vorið 2019.

Boðaðar breytingar á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla fela í sér að á yngsta stigi grunnskóla verður gert ráð fyrir meiri tíma til íslenskukennslu, að meðaltali tæplega 80 mínútur á viku í hverjum árgangi. Á miðstigi grunnskóla er einnig gert ráð fyrir meiri tíma til íslenskukennslu, að meðaltali tæplega klukkustund á viku í hverjum árgangi. Með því fer hlutfall íslensku í viðmiðunarstundaskrá grunnskóla úr 18.08% í 21.5%. Grunnskólar hafa svigrúm og sveigjanleika innan hvors stigs til að útfæra þessa aukningu.

Á unglíngastigi er gert ráð fyrir aukinni áherslu á náttúrugreinar og er aukningin veruleg, að meðaltali 120 mínútur á viku í hverjum árgangi. Hlutfall náttúrugreina í viðmiðunarstundaskrá grunnskóla fer við þessa breytingu úr 8.33% í rúmlega 11%. Til að koma til móts við þessar breytingar er dregið úr ráðstöfunarstundum skóla á yngri stigum og vali nemenda á unglíngastigi sem lækkar samanlagt hlutfall valgreina á unglíngastigi og vikulegra ráðstöfunarstunda í 1.-7. bekk grunnskóla úr 9,9% í 3.79%.

Með þessum breytingum færist íslensk viðmiðunarstundaskrá grunnskóla nær meðaltali í móðurmáli og náttúrufræðigreinum hjá nágrennaþjóðapjóðum okkar.

Af þessu tilfni skal tekið fram að samkvæmt áherslupáttum aðalnámskrár skal hafa jafnvægi milli verklegs og bóklegs náms og þess gætt að ekki halli á verklegt nám þegar skólastarf er skipulagt. Það á einnig við um skipulag valnámskeiða því er gert ráð fyrir að allt að helmingur valstunda sé bundinn list- og verkengdu námi.

Stefnt var að því að breytingarnar tækju gildi frá og með skólaárinu 2021-2022.

Núgildandi viðmiðunarstundaskrá:

Námssgreinar – Námssvið	1.-4. bekkur	5.-7. bekkur	8.-10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1.-4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5.-7. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 8.-10. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 1.-10. bekk. Mínútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1.120	680	630	2.430	18,08%
Erlend tungumál, enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaíþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	300	160	870	1.330	9,90%
Alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100%

Breytingartillaga (breytingar merktar með rauðu):

Námssgreinar – Námssvið	1.-4. bekkur	5.-7. bekkur	8.-10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1.-4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5.-7. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 8.-10. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 1.-10. bekk. Mínútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1.420	840	630	2.890	21,50%
Erlend tungumál, enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	720	1480	11,01%
Skólaíþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	0	0	510	510	3,79%
Alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100%

3. Þátttaka

Vakin var athygli fjölda hagsmunaaðila á birtingu í samráðsgátt með tölvupóstum og fréttatilkynningum. Þá var umsagnarfrestur framlengdur vegna óska hagsmunaaðila. Alls bárust 75 umsagnir sem skiptast þannig:

Einstaklingar:	37
Lögaðilar/hópar:	38
Samtals:	75

4. Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim

4.1 Yfirlit yfir umsagnir

Alls bárust 75 umsagnir frá eftirfarandi aðilum:

Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir	Unnur Jónsdóttir Nemendaráð Reykhólaskóla	Hermína Gunnþórsdóttir fh. QUINT rannsóknarhópsins
Arna Magnea Danks	Nemendaráð Álfhólsskóla í Kópavogi	Þórgunnur Torfadóttir
Margrét Sigrún Þórólfsdóttir	Listkennsludeild Listaháskóla Íslands	Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar
Þórgunnur Anna Ingimundardóttir	Samlíf, samtök líffræðikennara	Foreldraráð Hafnarfjarðar
Herdís Magnea Huebner	Félag raungreinakennara	Helga Ólafsdóttir
Anna María K. Þorkelsdóttir	Skólastjórafélag Íslands (2)	Ungir jafnaðarmenn
Björn Gunnlaugsson	Skólaráð Stóru-Vogaskóla	Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags
Arnór Bjarki Svarfdal Arnarson	Fræðsluráð Hafnarfjarðar	Sigríður Rut Magnúsdóttir
Helga Ágústsdóttir	Þorvaldur Örn Árnason	Bjarney Bjarnadóttir
Andri Már Númason	Silvia V Björgvinsdóttir	Ólafur Helgi Jóhannsson
Guðný Lára Gunnarsdóttir	Nemendaráð Egilsstaðaskóla	Bryndís Ýr Sigurþórsdóttir
Móðurmál - samtök um tvítyngi	Skólastjórnendur á Akureyri	Unglingaráð félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima
Umboðsmaður barna	Samtök atvinnulífsins	Verkfræði og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands
Jóna Benediktsdóttir	Sigríður Heiða Bragadóttir	Eymundur Sigurðsson
Jóhanna Helgadóttir	Dr. Haukur Arason fh. sérfræðinga á sviði náttúruvísindamenntunar og námskráargerðar	Sveinn Óskar Sigurðsson (2)
Landssamtökin Þroskahjálpi	Margrét Ósk Heimisdóttir	Lára Gunndís Magnúsdóttir
Samband íslenskra sveitarfélaga	Valdimar Helgason	Ástþór Óðinn Ólafsson
Magnús Þór Jónsson	Eva Ósk Eiríksdóttir fh. verkgreinakennara við Grunnskóla Hornafjarðar	Þórdís Sævarsdóttir
Svandís Egilsdóttir		Nemendaráð Grunnskóla Húnaþings vestra
Guðmundur Finnbogason		
Alexandra Briem		

Kennarasamband Íslands	Skólameistarar starfsnámskóla	Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Félag náms- og starfsráðgjafa	Ungmennaráð UMFÍ	Barnaheill
Anna Valdís Kro	Nemendaráð Valhúsaskóla	Skólamálanefnd Félags grunnskólakennara
Samtök áhugafólks um skólaþróun	Verkfræðingafélag Íslands Elín Gísladóttir	Piret Laas Nemendaráð Heiðarskóla

4.2 Helstu efnisatriði í umsögnum

Umsagnaraðilar vísuðu meðal annars til þess að hugmyndin um viðmiðunarstundaskrá væri úrelt þar sem samþætting námsgreina væri í dag orðin almenn í íslenskum grunnskólum og kennsluhættir fjölbreyttir.

Margir lýstu yfir ánægju með þau áform að auka áherslu á íslensku á öllum námssviðum og í einhverjum tilfellum náttúrufræði en töldu breytingar á viðmiðunarstundaskrá ekki heppilegustu leiðina til að ná þeim markmiðum. Þar var meðal annars vísað til þess að frekar ætti að leggja áherslu á menntun náttúrufræðikennara, styrkingu fagvitundar núverandi náttúrufræðikennara og aðbúnað í skólum.

Mest var fjallað um þá hugmynd að skerða valgreinar og val nemenda. Einnig voru gerðar athugasemdir við að skerðing á valgreinum myndi jafnframt í raun þýða skerðingu á list- og verkgreinum. Gagnrýnt var að leggja til skerðingu á lögbundnu vali nemenda á unglíngastigi án samráðs við nemendur.

Gerðar voru þó nokkrar athugasemdir við tengingu málsins við árangur nemenda í alþjóðlegri könnun meðal 15 ára nemenda.

Umsagnaraðilar lögðu meðal annars til að bætt verði við skólatíma nemenda, t.d. að lengja skólalag eða skólaár og greining fari fram á inntaki náms, kennsluháttum, námsgögnum og aðbúnaði ásamt því að tiltekin námssvið verði styrkt þvert á skólastarf í samstarfi og samvinnu allra aðila skólasamfélagsins. Áhersla verði lögð á menntarannsóknir og aukin gæði kennslu.

5. Næstu skref

Mennta- og menningarmálaráðuneyti leggur áherslu á áframhaldandi samráð við hagsmunaaðila við frekari útfærslu á þeim markmiðum að efla kennslu í íslensku og náttúrufræðigreinum í grunnskólum, sem lið í menntastefnu til ársins 2030.

Ráðgert er að breytingar á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla verði liður í aðgerðaáætlun 1. áfanga innleiðingar menntastefnu 2030 og stefnt að því að hún komi til framkvæmda í fyrsta lagi haustið 2022. Með hliðsjón af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna verður sérstaklega hugað að virku samráði við nemendur um útfærslu breytinga.

Áfram verður unnið úr þeim athugasemdir og ábendingar sem bárust við fyrrgreinda

breytingartillögu.

6. Til upplýsinga

Bent er á að mennta- og menningarmálaráðuneyti beitir sér fyrir því að skólar uppfylli þau lágmarksviðmið sem aðalnámskrá kveður á um og hefur í því samhengi lagt sérstaka áherslu á list- og verkgreinar.

Samkvæmt grunnskólalögum eiga nemendur að hafa val um hvernig þeir uppfylla námsmarkmið einstakra námsgreina og námssviða og hver skóli ákveður hvort námsgreinar og námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt. Af því leiðir að val nemenda á grunnskólastigi er ekki eingöngu bundið við valgreinar á unglingastigi heldur skal val vera samofið skólastarfi. Á unglingastigi eiga nemendur hins vegar rétt á því samkvæmt grunnskólalögum að velja námsgreinar og námssvið í allt að fimmtung námstímans samkvæmt nánari viðmiðum sem sett eru í aðalnámskrá grunnskóla.

Breyting á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla er ein af fjölmörgum aðgerðum sem tengjast því markmiði að styrkja íslensku og náttúrufræði í grunnskólum. Unnið er að því að setja viðmið um hæfni kennara í íslensku að loknu kennaranámi og endurskoðaðan kafla um íslensku sem annað mál í aðalnámskrá grunnskóla og er stefnt að því að þeirri vinnu verði lokið á þessu ári. Undirbúningur er hafinn að endurskoðun allra greinasviða aðalnámskrár grunnskóla. Til að stuðla að markvissari þróun og nýsköpun í útgáfu námsgagna á íslensku verður áhersla á endurskoðun og eflingu þróunarsjóðs námsgagna og námsgagnasjóðs í stefnu stjórnvalda um námsgögn sem nú er í vinnslu. Nýtt fagráð í íslensku vinnur að tillögum hvernig efla megi íslenskukennslu og auka samfellu kennslunnar milli skólastiga. Einnig er fagráð í náttúrufræði að vinna að tillögum um hvernig efla megi kennslu í náttúrufræði í grunnskólum. Ennfremur er unnið að ýmsum umbótaaðgerðum í þágu nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Má þar nefna drög að stefnu um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn sem hefur verið skilað. Unnið er að útfærslu aðgerðaráætlun sem byggir á þeirri stefnu. Fyrr í vetur komu út *Leiðarvísir um stuðning við virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi* og *Stöðumat fyrir nemendur af erlendum uppruna*, sem aðgengilegt er á 40 tungumálum.